

Listahátíðin Leysingar fer fram í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 21. - 23. maí. Þetta er í níunda sinn sem blásið er til leiks og er hátíðin orðin fastur liður í menningarflóru Fjallabyggðar. Í ár koma saman ellefu listamann með tónlist, bókmenntir, myndlist og listasjall í farteskinu og veita af sinni alkunnu snilld.

Gestir eru beðnir um að skrá sig á viðburðina í síma 865-5091 vegna sóttvarna og tekið verður á móti frjálsum framlögum við innganginn.

Leysingar í Alþýðuhúsinu á Siglufirði 2021
21. - 23. maí.

Föstudagur 21

Kl. 14.00 Auður Lóa Guðnadóttir opnar sýningu í Kompunni

kl. 16.00 Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir - gjörningur

kl. 16.30 Hlé

kl. 16.45 Hallgrímur Helgason og Rodrigo Lopes trommur. - gjörningur

Laugardagur 22.

Kl. 14.00 Auður Lóa Guðnadóttir sýnir í Kompunni

kl. 16.00 Starkaður Sigurðarson - kynning á tímaritinu Myndlist á Íslandi.

kl. 16.45 Hlé

kl. 17.00 Sjón rithöfundur - upplestur

kl. 21.00 Óskar Guðjónsson, Pétur Grétarsson og Kjartan Valdimarsson.-Tónleikar

Sunnudagur 23.

kl. 14.00 Auður Lóa Guðnadóttir sýnir í Kompunni

kl. 17.00 Edda Björk Jónsdóttir og Þórir Hermann Óskarsson - tónleikar.

Listamenn á Leysingum 2021

Sigurjón Birgir Sigurðsson betur þekktur sem Sjón er einn af þekktustu nútíma rithöfundum Íslands. Hann hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir skrif sín og opinberar viðurkenningar, nú nýverið sæmdur Franskri heiðursorðu lista og bókmennta.

Sjón mun lesa

"Blek – ritgerð eftir Val Sveinsson sendifulltrúa".

Sagan gerist í London árið 1952 og segir frá undarlegum fyrirbærum dagana sem borgin var hulin mestu mengunarpöku í sögu Bretlandseyja.

Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir (1975) útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2004 og fluttist þá til Hollands. Hún sótti þar Body Weather Amsterdam námskeið hjá Katerina Bakatsaki og Frank van de Ven og þjálfaði reglulega með þeim í nokkur ár. Hún hefur síðan skipulagt og tekið þátt í Body Weather og Body Landscape námskeiðum með Frank van de Ven bæði á Íslandi og í Noregi.

Þóra hefur sýnt víða um heim og tók m.a. þátt í Dialogues 04, improvisations with Sasha Waltz and friends, 2004 í Berlín.

Þóra Sólveig vinnur út frá innsæi sínu og undir miklum áhrifum frá náttúrunni allt frá barnæsku, fjallar list hennar um samband manns og náttúru og hvernig þau (kraftur þeirra) endurspeglast hvort í öðru. Listgagnrýnandi sagði að list hennar kallaðist á við sjónræna ljóðlist náttúrunnar.

Andrými, Leysingar og F l o r a

Þóra verður með gjörning sem er ma. innblásinn af náttúrunni og nafni hátíðarinnar. Þóra hefur verið í samstarfi við listakonuna Liv Nome og býður verki hennar og þroska sem kemur í gegnum tónlistina og myndverkið Flora að vera í samtali og verða hluti af gjörninginum.

Ég var nýbúin að hugsa hvað það væri gaman að vinna með hugtakið 'leysingar' þegar mér var boðið að taka þátt í hátíðinni en ég geri oft staðbundin verk innblásin af fyrri reynslu og heimspekilegum vangaveltum um tilvistina í bland við hluti, efni og andrúmsloft á þeim stað sem verkin eru búin til eða sýnd.

Pétur Grétarsson trommur, gjöll og slagverk

Kjartan Valdemarsson píanó, hljómborð og synthar

Óskar Guðjónsson sópran og tenor saxofónn

Skúrin

Hvenær er lag lag? Hvenær er ólag á lagi? Hvenær trompar spilagleðin innihaldið? Þarf að vera lag?

Þetta tríó - sem hittist vikulega til að máta tjáninguna utan sem innan forms og hefða - er skipað þremmingum sem hafa músíserað saman og í sundur - við nánast allar hugsanlegar kringumstæður. Í skúrnum - í þrjúmi - opnast kvikan og hið sanna eðli kemur í ljós. Eðlislæg tónlist er ekki endilaga sú sem blandast meginstraumnum best og þetta tríó er ekki líklegt til að fylla dansgólf héraðsmótanna. En ef engin er forvitnin stöðvast orkuverið í fljóti meðalmennskunnar.

Straumurinn sem við virkjum er uppsafnaður kraftur úr mismunandi músíkstússi. Úr verður orka sem þarf að veita aftur inn í dreifikerfið.

Hvenær er lag lag? Hvenær er ólag á lagi? Hvenær trompar spilagleðin innihaldið? Þarf alltaf að vera söngur? Verður þetta í lagi?

Starkaður Sigurðarson

Starkaður Sigurðarson hefur bakgrunn bæði í myndlist og skrifum. Eftir útskrift úr Listaháskólanum með B.A. próf af myndlistarbraut kláraði hann M.F.A. gráðu í ritlist frá Goddard College í Vermont. Hann starfar aðallega við skrif, ritstjórn og sýningarstjórnun, en er einnig myndlistarmaður. Auk þess að vera stundakennari í Listaháskóla Íslands þá hefur hann skrifað fjölda texta fyrir listamenn og söfn, sem og myndlistarumfjöllun fyrir ýmsa miðla. Starkaður

er ritstjóri myndlistarritsins *Myndlist á Íslandi* sem kemur út árlega í prenti á bæði íslensku og ensku, og er einn stofnandi Röstin Gestavinnustofu á Langanesi. Starkaður situr í stjórn SÍM, KÍM, og Safnasafnsins.

Starkaður Sigurðarson verður með stutt erindi um nýju útgáfuna *Myndlist á Íslandi*. Þar kynnir hann blaðið, þróun þess og framtíðaráform. Starkaður er ritstjóri blaðsins en með honum í ritstjórn sitja Sunna Ástþórsdóttir og Katrín Helena Jónsdóttir. Saman unnu þau áður að myndlistarritinu *Stara* sem Samband íslenskra myndlistarmanna gaf út, en *Myndlist á Íslandi* þróaðist út frá þeirri útgáfu. Auk SÍM koma nú að útgáfu blaðsins Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Myndlistarráð og Listfræðafélag Íslands.

Blaðið verður til sýnis, einnig verður hægt að kaupa eintak sem og að skrá sig í áskrift.

Hallgrímur Helgason er myndlistarmaður og rithöfundur. Hann hefur haldið yfir 30 einkasýningar og verk hans eru í eigu safna heima og erlendis. Hann hefur gefið út tíu skáldsögur, fjórar ljóðabækur og einnig þýtt tvö Shakespeare-verk auk fleiri leikverka. Tvær bóka hans hafa verið kvikmyndaðar, og fjórar settar á svið, heima og erlendis. Hann hefur tvívegis hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin og í þriggung verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlanda. Hallgrímur var á dögnum sæmdur heiðursorðu franska ríkisins, “Officier de l’Ordre des arts et des lettres”, við athöfn í franska sendiráðinu í Reykjavík.

Bókin “**Við skjótum títuþjónum**” kom út í september 2020, og inniheldur eitt samfelld ljóð í 23 köflum, heimsádeiluljóð um stöðu samtímans, sem ort var á árunum 2016-2020. Á meðan vandar heimsins hlaðast upp fyrir dyrum Vesturlanda bregðast þau við með afneitun og múgheimsku. Flóttamenn farast í Miðjarðarhafi, þriðji heimurinn er þræll hins fyrsta og hamfarahlýnun eykst á meðan kynþáttahatur og einangrunarhyggja blómstra heima við. Við höldum lífi okkar áfram óbreyttu og látum okkur nægja að mótmæla með læk-takkanum. Við skjótum títuþjónum. “Við skjótum títuþjónum” var valin “Ljóðabók ársins 2020” af bókmenntagagnrýnendum Morgunblaðsins.

Edda Björk og Þórir Hermann flytja sönglög Jórunnar Viðar.

Jórunn Viðar var eitt af helstu íslensku tónskáldum á 20. öldinni og eftir hana liggur mikill fjöldi tónverka. Jórunn er þekktust fyrir sönglögin sín, og af mörgum er Jórunn talin eitt mesta ljóðatónskáld okkar Íslendinga.

Edda Björk Jónsdóttir sópran er fædd í Reykjavík 1987. Hún lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 2007 og BA í þroskaþjálfarafræðum frá Háskóla Íslands 2014. Edda Björk hóf tónlistarnám einungis 6 ára að aldri við Tónlistarskólann í Kópavogi. Þar lærði hún á þverflautu og spilaði hún auk þess með Skólahljómsveit Kópavogs undir stjórn Össurar Geirssonar í mörg ár. Árið 2007 hóf Edda Björk söngnám, fyrst í Söngskólanum í Reykjavík og síðar meir í Söngskóla Sigurðar Demetz. Helsti söngkennari hennar var Dóra Reyndal og lauk Edda Björk burtfararprófi undir hennar handleiðslu

árið 2015. Edda Björk stundar nú nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Edda Björk hefur auk þess starfað sem útsetjari og tekið að sér ýmis verkefni fyrir kóra og minni sönghópa.

Þórir Hermann (f. 1994) er klassískur píanóleikari og tónskáld. Þórir lærði píanó-, gítar- og klarínettuleik frá unga aldri í Englandi, en seinna fluttist hann til Íslands og útskrifaðist með burtfararpróf í klassískum píanóleik og tónsmíðum frá FÍH og Tónlistarskólanum í Reykjavík. Síðar stundaði hann tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Atla Ingólfssonar. Þrátt fyrir klassíska menntun Þóris sækir hann innblástur úr ýmsum stefnum, þar á meðal er jazz, prógressívt rokk, popp, elektróník og þjóðlagatónlist. Þórir hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum og samið verk fyrir lúðrasveitir, kóra, strengi og píanó auk fjölda útsetninga.

Auður Lóa Guðnadóttir er myndlistarmaður, sem leikur sér á landamærum hins hlutlæga og huglæga, skúlptúrs og teikningar, listar og veruleika. Hún vinnur markvisst með hversdagsfyrirbæri, fígúratíft, og myndmál sem hún sækir í forna jafnt og nýliðna sögu.

Auður Lóa útskrifaðist af myndlistasviði Listaháskóla Íslands 2015. Síðan þá hefur hún starfað sjálfstætt og í samstarfi við aðra listamenn, og tekið þátt í sýningum eins og *Leikfimi* í Safnasafninu, *Djúpprýstingur* í Nýlistasafninu og *109 Kettir í Peysum* í Ekkisens. Hún hlaut hvatningarverðlaun myndlistarráðs 2018 fyrir sýninguna *Díana, að eilífu*. Hún opnaði nýverið einkasýninguna *Já / Nei* í D-sal Listasafns Reykjavíkur.

Þann 2. apríl 2021 býður Auður Lóa gestum Alþýðuhússins í fermingarveislu. Þar verður gestum boðið að njóta þekktra birtingarmynda úr sögum íslenskra fermingarveisluhefða. Kransakakan og brauðtertán eiga í samtali við saltstangir og sigarettur, en óljóst er hvað fer þeirra á milli.